

Ársreikningur Landsvirkjunar

Besta afkoma sögunnar – tillaga um 20 milljarða arð til þjóðarinnar

Helstu atriði ársreiknings

- Ríkið hefur keypt 64,73% eignarhlut Landsvirkjunar í Landsneti hf. og greiddi 305 milljónir USD (43,3 ma. kr.) fyrir samkvæmt kaupsamningi.
- Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam 315,9 milljónum USD (44,9 ma.kr.), en var 183,3 milljónir USD árið áður og hækkaði því um 72,3%.¹
- Hagnaður af áframhaldandi starfsemi, eftir kaup ríkisins á Landsneti hf., var 298,7 milljónir USD (42,4 ma.kr.), en var 112,4 milljónir USD árið áður og hækkaði því um 166% á milli ára. Hagnaður ársins var 161,9 milljónir USD (23,0 ma.kr.), en var 148,6 milljónir USD árið áður.
- Rekstrartekjur námu 608,6 milljónum USD (86,4 ma.kr.) og hækka um 123,5 milljónir USD (25,5%) frá árinu áður.
- Nettó skuldir lækkuðu um 657,3 milljónir USD (93,3 ma.kr.) frá áramótum og voru í árslok 843,5 milljónir USD (119,8 ma.kr.).
- Handbært fé frá rekstri nam 435,9 milljónum USD (61,9 mö.kr.), sem er 34,8% hækkan frá árinu áður.
- Meðalverð til stórnotenda án flutnings var 42,9 USD á megavattstund, sem er hæsta verð í sögu Landsvirkjunar.
- Greiddur arður á árinu nam 120 milljónum USD (17 mö.kr.) og skattar 41 milljón USD (5,8 mö.kr.). Alls námu greiðslur til ríkissjóðs því 161 milljón USD (22,8 mö.kr.).
- Stjórn félagsins fyrirhugar að gera tillögu á aðalfundi um arðgreiðslu til eigenda að fjárhæð 140 milljónir USD (20 ma.kr.).

Hörður Arnarson, forstjóri:

„Afkoma ársins var betri en áður í sögu Landsvirkjunar. Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði, sem er sá mælikvarði sem við lítum helst til þegar afkoma fyrirtækisins er skoðuð, var 44,9 milljarðar króna og hækkaði um ríflega 72% á milli ára í bandaríkjadal talið. Rekstrartekjur jukust um rúm 25% frá árinu 2021, þegar þær voru þó meiri en nokkru sinni fyrr. Rekstrarniðurstaða ársins 2022 er því einstök í 58 ára sögu fyrirtækisins.

Þennan árangur má einkum rekja til skýrra rekstrarmarkmiða og endursamninga við flesta stærstu viðskiptavinina á síðustu árum, en þeir borga nú raforkuverð sem er sambærilegt við það sem borgað er í löndum sem við berum okkur helst saman við. Rekstrarumhverfi stórnotenda var einnig almennt hagstætt á árinu og óhætt er að segja að velgengni þeirra og Landsvirkjunar haldist að miklu leyti í hendur. Meðalverð til stórnotenda án flutnings var tæplega 43 bandaríkjadalir á megavattstund og hefur aldrei verið hærra.

¹ Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 142

Áfram héldum við á þeirri braut að lækka skuldir. Nettó skuldir lækkuðu um rúmlega 93 milljarða króna (657 milljónir bandaríkjadala) frá upphafi árs. Nú er svo komið að lykilmælikvarðinn nettó skuldir/EBITDA er afar hagstæður í samanburði við systurfyrirtæki okkar á Norðurlöndunum, en hreinar skuldir eru nú aðeins um 1,85-faldur rekstrarhagnaður fyrir afskriftir. Með þessari bættu skuldastöðu hefur fjárfestinga- og arðgreiðslugeta Landsvirkjunar aukist og mun stjórn fyrirtækisins leggja til við aðalfund um 20 milljarða kr. (140 milljóna bandaríkjadala) arðgreiðslu vegna síðasta árs.

Þrátt fyrir þessa góðu afkomu fyrirtækisins og góðar rekstrarhorfur má segja að um þessar mundir séu ákveðnar blikur á lofti í orkumálum þjóðarinnar. Orkukerfi Landsvirkjunar er nálægt því að vera fulllestað, bæði með tilliti til afls og orku. Eftirspurn eftir grænni raforku er mikil, bæði frá núverandi viðskiptavinum og áhugaverðum nýjum aðilum. Við getum því miður ekki mætt þessari eftirspurn nema að takmörkuðu leyti og höfum því þurft að segja nei við ýmsum áhugaverðum og vænlegum verkefnum sem falast hafa eftir rafmagnssamningum.


Við vinnum nú að því að afla tilskilinna leyfa fyrir frekari uppbyggingu orkuvinnslu, sem við höfum undirbúið í ár og áratugi. Þannig viljum við tryggja samfélaginu nægt rafmagn til orkuskipta og bættra lífsgæða í framtíðinni, ekki síst í ljósi metnaðarfullra markmiða stjórnvalda í loftslagsmálum.

Undir lok árs náðust samningar um að ríkið keypti eignarhlut Landsvirkjunar í Landsneti. Þeir samningar voru ánægjulegir, enda hefur Landsvirkjun lengi talað fyrir breytingum á eignarhaldi Landsnets og bent á að óheppilegt væri að fyrirtæki sem hefði einkaleyfi á flutningi raforku og kerfisstjórnun væri í eigu orkuvinnslufyrirtækja og dreifiveitna.

Rekstur aflstöðva gekk vel á árinu, en mikið reyndi á starfsfólk fyrirtækisins vegna tíðra óveðra og dræms innrennslis til lóna og á það þakkir skildar fyrir ósérhlífni og fagleg vinnubrögð við erfiðar aðstæður.“


Rekstur

Þróun rekstrartekna




Rekstrartekjur eru mjög sterkar á árinu og endurspeglar bæði fulllestað orkukerfi og hátt verð á alþjóðlegum hrávöru- og orkumörkuðum. Rekstrartekjur hækka um 124 m. USD á milli ára og hafa aldrei verið hærri í sögu fyrirtækisins.

EBITDA og EBITDA hlutfall




Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og virðisryrnun, EBITDA, nam 455 m. USD á árinu og hefur aldrei verið hærri í sögu fyrirtækisins. Þessi hækkun er í takti við jákvæða þróun rekstrartekna.

Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði



Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði er sá mælikvarði sem Landsvirkjun horfir til við mat á grunnrekstri fyrirtækisins. Hagnaðurinn nam 316 m. USD á árinu, sem er einnig met fyrir fyrirtækið.


Áhrifaþættir á hagnað fyrir óinnleysta fjármagnsliði




Ríkið kaupir Landsnet

137 milljóna USD tap varð á aflagðri starfsemi sem skýrist helst af endurflokkun þýðingarmunar og tekjuskatti vegna skattlegs söluhagnaðar hlutabréfa (sjá ársreikning).

Nettó skuldir og eiginfjárhlutfall



Handbært fé nam 156 m. USD í lok árs, sem er um 58 m. USD hækkun frá árslokum 2021.



Horfur í rekstri

Eftirspurn eftir raforku er orðin það mikil að orkukerfið er nánast fullastað með tilliti til afls og orku, sem hefur orðið til þess að nýrri eftirspurn er ekki hægt að mæta nema að takmörkuðu leyti. Unnið er að því að afla tilskilinna leyfa fyrir frekari uppbyggingu orkuvinnslu í vatnsafla, vindorku og jarðvarma. Þessi sterka eftirspurn hefur vissulega jákvæð áhrif á horfur í rekstri, en afkoma mun einnig halda áfram að litast af verðþróun á alþjóðlegum hrávöru- og orkumörkuðum.

Reykjavík, 20. febrúar 2023

Nánari upplýsingar veitir:

Rafnar Lárusson, framkvæmdastjóri sviðs fjármála og upplýsingatækni

s. 515 9000

Um ársreikninginn

Ársreikningur Landsvirkjunar er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningssskilastöðlum (IFRS) og er hann í bandaríkjadöllum sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins.

Helstu stærðir ársreiknings í þúsundum bandaríkjadala:

	2022	2021	2020	2019	2018
Rekstur					
Rekstrartekjur	709.042	544.001	380.712	432.483	463.926
Innleystar áhættuvarnir	(100.412)	(58.881)	5.262	10.047	(4.534)
Rekstrartekjur samtals	608.630	485.120	385.974	442.530	459.392
Rekstrar- og viðhaldskostnaður	(153.728)	(151.713)	(138.201)	(145.732)	(161.614)
EBITDA	454.902	333.407	247.773	296.798	297.778
Afskriftir og virðisryrnun	(107.820)	(107.446)	(98.128)	(104.708)	(95.095)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	347.082	225.961	149.645	192.090	202.683
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(31.045)	(42.407)	(44.978)	(53.318)	(60.554)
Áhrif hlutdeildarféлага	(146)	(248)	(12)	(27)	(179)
Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði	315.891	183.306	104.655	138.745	141.950
Óinnleystir fjármagnsliðir:					
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða	61.616	33.455	970	(1.323)	(49.410)
Gangvirðisbreytingar annarra afleiða	81.547	(46.301)	(12.726)	(8.011)	24.878
Óinnleystur gjaldeyrismunur	11.071	10.661	(9.087)	6.779	16.070
	154.234	(2.185)	(20.843)	(2.555)	(8.462)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	470.125	181.121	83.812	136.190	133.488
Tekjuskattur	(171.399)	(68.750)	(33.185)	(52.401)	(50.257)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	298.726	112.371	50.627	83.789	83.231
Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi	(136.803)	36.207	27.991	31.089	37.798
Hagnaður ársins	161.923	148.578	78.618	114.878	121.029
Efnahagur					
Eignir samtals	3.873.145	4.446.381	4.348.344	4.381.633	4.451.081
Eigið fé samtals	2.296.825	2.368.767	2.235.135	2.235.399	2.163.056
Skuldir samtals	1.576.320	2.077.614	2.113.209	2.146.234	2.288.025
Nettó skuldir	843.516	1.500.786	1.675.804	1.691.462	1.884.603
Lykiltölur					
Handbært fé frá rekstri	435.916	323.299	234.084	295.764	295.761
Fjárfestingar	(95.011)	(113.035)	(111.550)	(82.420)	(150.864)
Fjármögnun	(280.523)	(204.453)	(142.399)	(218.261)	(151.876)
Lausafé og óáðregin lán alls	305.509	267.560	371.963	290.487	469.433
Eiginfjárlutfall	59,3%	53,3%	51,4%	51,0%	48,6%
Arðsemi eiginfjár	6,8%	6,6%	3,5%	5,3%	5,9%
Vaxtaþekja (EBITDA/nettó vaxtagjöld)	14,33x	7,23x	5,66x	5,55x	4,76x
Nettó skuldir / EBITDA	1,85x	3,53x	5,14x	4,47x	4,83x

Um Landsvirkjun

Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 og er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka verðmæti þeirra endurnýjanlegu orkulinda sem fyrirtækinu er trúað fyrir, með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi. Framtíðarsýn Landsvirkjunar er sjálfbær heimur, knúinn endurnýjanlegri orku. Fyrirtækið vinnur um 70% allrar raforku á Íslandi úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafla, jarðvarma og vindi. Um leið er fyrirtækið leiðandi í sjálfbærri nýtingu orkugjafa og stuðlar að aukinni þekkingu, nýsköpun og tækniþróun.

Haldinn verður kynningarfundur fyrir fréttafólk og greiningaraðila fjármálafyrirtækja á morgun, þriðjudaginn 21. febrúar, kl. 9 í húsakynnum Landsvirkjunar að Háaleitisbraut 68 í Reykjavík. Hörður Arnarson forstjóri og Rafnar Lárusson framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni fara yfir það markverðasta tengt ársuppgjóri fyrirtækisins fyrir árið 2022.